

28.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn 10.apríl 2012 á skrifstofu sambandsins í Laugardal. Mætt voru: Guðjón, Birgir, Hulda, Gry, Kári og Sigurjón. Grétar Hrafnsson, landsliðsþjálfari var boðaður og mætti á fundinn.

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerð síðasta fundar samþykkt
- 2) Landsliðsmál.  
Landsliðsnefndin sagði frá starfinu undanfarið. Unnið er að því að tryggja æfingaraðstöðu:  
**Samþykkt** að landsliðsnefnd skipa Guðjón Hafliðason, formaður, Grétar Hrafnsson og Birgir Viðarsson. Landsliðsþjálfarar verða Guðjón Hafliðason og Grétar Hrafnsson.
- 3) Afreksstefna.  
Stjórnin þakkaði Gry og Huldu fyrir vinnuna við drög að afreksstefnu.  
Drögin voru rædd.  
**Samþykkt** að **Grétar** og **Guðjón** vinni áfram í 3.kafla um skilgreiningu á afrekum.  
**Samþykkt** að **landsliðsnefndin** taki kafla 4a til skoðunnar.  
**Samþykkt** að **Kári** og **Sigurjón** vinni áfram með kafla 4b  
**Samþykkt** að **fræðslunefndin** vinni áfram með kafla 4c  
**Samþykkt** að **Guðjón** geri tillögu að breyttu orðalagi í kafla 5 og 6
- 4) Norðurlandasambandið  
Gry sagði frá vinnu við handbók og framtíðarstefnu NPF.
- 5) Erindi frá KFA  
Beiðni um breytta tímasetningu á móti vísað til mótanefndar.  
**Sigurjón** svarar bréfinu formlega.
- 6) Erindi frá Íþróttafélagi fatlaðra.  
**Samþykkt** að **Sigurjón** og **Guðjón** eigi fund með fulltrúum þeirra um samstarf.
- 7) Landsmót UMFÍ 50+  
**Samþykkt** að kraftlyftingakeppnin á landsmóti UMFÍ 50+ í júní fari á mótaskrá KRAFT, enda verður framkvæmd öll í samræmi við lög og reglur KRAFT.
- 8) Önnur mál
  - Samþykkt að Hulda geri tillögur um bættu ferla í samskiptum við fjölmiðla
  - Sigurjón upplýsti að fjöldi skráðra félagsmanna er nú kominn yfir 600

Fundi slitið kl. 22.15. Fundarritari Gry Ek